

**Ed.**

## **184. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Heimilt er þó að ákveða, að takmarka megi tölu fulltrúa frá þeim deildum, sem ekki skipta nema að nokkru leyti við félagið.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar skulu kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra frá hverju félagi eftir tölu félagsmanna í félaginu. Þó er heimilt að takmarka tölu fulltrúa frá þeim félögum, sem ekki skipta nema að litlu leyti við Samband íslenskra samvinnufélaga, og skal nánar í reglugerð, er aðalfundur S.Í.S. samþykkir, ákveða, hve vörumerzlun félagsins, miðað við félagatölu þess, megi vera lítil við S.Í.S. á ári hverju, til þess að það þó haldi fullum rétti til að senda fulltrúa á aðalfund.